

18. nóvember 2020

## Tákntölur sveitarfélaga 1952–2020 og landsvæðaskipting Hagstofunnar 1920–2020

*The municipal identifiers 1952-2020 and the regional classification of Statistics Iceland 1920-2020*

### Inngangur

Sveitarfélagið Hornafjörður mun frá og með 1. desember 2020 flokkast með öðrum sveitarfélögum á Suðurlandi í landsvæðaskiptingu Hagstofu Íslands. Þessi breyting kallar á breytingu á tákn tölu sveitarfélagsins, en ákveðið hefur verið í samráði við Þjóðskrá Íslands að frá og með 1. desember 2020 verði tákn tala sveitarfélagsins 8401 í stað 7708.

Þar sem 36 ár eru liðin frá því mörkum landsvæða var síðast breytt með ákvörðun hagstofustjóra er farið yfir tákn tölukerfi sveitarfélaganna og sögu landsvæðaskiptingar Hagstofunnar í þessari greinargerð. Í viðauka er skrá yfir tákn tölur sveitarfélaga í vélrænni þjóðskrá frá 1952 til 1. desember 2020.

Í greinargerð þessari er ekki fjallað um sameiningar sveitarfélaga nema að því marki að þær hafi haft í för með sér breytingar á landsvæðaskiptingunni sem fólgin er í tákn tölunum.

### Landsvæðaflokkun Hagstofunnar frá upphafi

Hagstofa Íslands tók til starfa snemma árs 1914.<sup>1</sup> Frá upphafi hefur hún birt mannfjöldatölur eftir stjórnsýslueiningum, þ.e. kaupstöðum og sýslum og hreppum framan af en sveitarfélögum eftir að ný sveitarstjórnarlög lögðu af sýslurnar sem stjórnsýslueiningar.<sup>2</sup> Auk þessa flokkaði Hagstofan mannfjöldagögn í manntölum 1920 til 1950 eftir eigin landshlutflokkun: Suðvesturland, sem náði frá Gullbringusýslu til Dalasýslu, Vestfirði, Norðurland, Austurland og Suðurland.<sup>3</sup>

Árið 1964 tók Hagstofan upp nýja landsvæðaskiptingu í uppgjöri mannfjöldans 1. desember 1963. Í nýju flokkuninni var landinu skipt í átta landsvæði; Reykjavíkursvæði, sem samanstóð af Reykjavík, Seltjarnarnesi og Kópavogi, Reykjanessvæði, sem samanstóð af Hafnarfirði, Keflavík og Gullbringu- og Kjósarsýslum, Vesturland, Vestfirðir, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland og Suðurland, en síðastnefndu sex svæðin fylgdu kjördæmunum sem ákveðin voru 1959.<sup>4</sup>

<sup>1</sup> Hagtíðindi, 49. árg. 2. tbl., febrúar 1964.

<sup>2</sup> Sveitarstjórnarlög, nr. 8/1986 frá 18. apríl.

<sup>3</sup> Manntal á Íslandi 1. desember 1920, Hagstofa Íslands 1926-1928, Manntal á Íslandi 2. desember 1930, Hagstofa Íslands 1937, Manntal á Íslandi 2. desember 1940, Hagstofa Íslands 1949, Manntal á Íslandi 1. desember 1950, Hagstofa Íslands 1958.

<sup>4</sup> Hagtíðindi, 49. árg. 8. tbl., ágúst 1964.



Við þessa nýju skiptingu var tákntölum sveitarfélaganna breytt í núverandi horf. Reykjavík fékk fjögurra stafa tákntölu 0000, en að öðru leyti vísaði fyrsti stafur tákntölunnar í eitt af átta landsvæðunum. Uppgjör manntalsins 1960 fylgdi þessari skiptingu í aðalatriðum.<sup>5</sup>

Frá og með árinu 2008 hefur landinu verið skipt upp í tvö svæði, höfuðborgarsvæði og landsbyggð, sem samsvara NUTS-3 umdæmum í evrópskri hagskýrslugerð.<sup>6</sup>

Við uppgjör manntalsins 2011 var hins vegar fallið frá landsvæðaskiptingunni en tekið upp stigskipt flokkunarkerfi fyrir hagskýrslusvæði þar sem landinu var fyrst skipt í umdæmin höfuðborgarsvæði og landsbyggð og hvoru umdæmi um sig síðan skipt í tvo landshluta (höfuðborgarsvæðinu í Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur en landsbyggðinni í Suðursvæði og Norðursvæði<sup>7</sup>). Loks var landshlutunum fjórum skipt upp í alls 42 talningarsvæði. Talningarsvæðin fara eftir sveitarfélagamörkum en fjölmennari sveitarfélögum er skipt upp í fleiri en eitt talningarsvæði til að ná jafnræði í íbúafjölda á milli svæða.<sup>8</sup>

Hin fyrri landsvæðaskipting hefur þó ekki verið felld úr gildi. Hún er notuð bæði af Hagstofunni og öðrum til að flokka margvíslegar upplýsingar.

Skiptingin í átta landsvæði hefur tekið breytingum frá því hún var tekin upp 1964 til dagsins í dag. Allar breytingarnar hafa endurspeglast í tákntölum sveitarfélaganna sem eru órjúfanlega bundnar landsvæðaskiptingunni. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir þeim.

### **Tákntölur sveitarfélaganna 1952–1963**

Við stofnun þjóðskrár og vegna vélvæðingar almannaskráningarinnar 1952 tók Hagstofan upp fjögurra stafa tákntölukerfi fyrir kaupstaði og hreppa. Kaupstöðum var úthlutað fjögurra stafa tákntölu á heilu hundraði á bilinu 1000 til 2100. Sýslur fengu fjögurra stafa tákntölu á heilu hundraði, Gullbringu- og Kjósarsýsla (3000) og síðan réttisælis í kringum landið til Árnessýslu (4700). Hreppum innan þeirra var raðað landfræðilega í sömu röð.<sup>9</sup> Reykjavík fékk tákntöluna 5000. Þessar tákntölur voru í gildi til 1963.

Þó svo að gert hafi verið ráð fyrir því upphaflega að kaupstaðir röðuðust fremst í talnarunu tákntalanna var ekki gerð breyting á tákntölunni þótt sveitahreppur fengi kaupstaðaréttindi. Það varð reyndar raunin aðeins einu sinni á tímabilinu, þegar Kópavogshreppur fékk kaupstaðaréttindi 11. maí 1955.<sup>10</sup>

### **Flokkunarkerfi sveitarfélaganna frá 1. desember 1963 til dagsins í dag**

Í tákntölukerfi sveitarfélaganna, sem var tekið upp 1964 og notað við flokkun mannfjöldans 1. desember 1963, vísar fyrsti stafurinn til landsvæðis eins og fyrr er getið. Annað sæti í stafaröðinni hafði einnig merkingu í upphafi. Kaupstaðir og sýslur fengu úthlutað tölu í öðru sæti, þannig að kaupstaðirnir röðuðust á bilinu 0 til 4, en sýslur á bilinu 5 til 9. Þriðja og fjórða sætið fyrir sýslur og kaupstaði var síðan fyllt með tölunum 00. Hreppar fengu hins vegar raðtölu innan viðkomandi sýslu í þriðja og fjórða sæti á bilinu 01 til 99. Sama landfræðilega röð var notuð og í fyrri tákntölu.

<sup>5</sup> Manntal á Íslandi, 1. desember 1960, Hagstofa Íslands 1969.

<sup>6</sup> Íslensk hagskýrslusvæði á héraðsstjórnarstigi. Ómar Harðarson og Jórunn Íris Sindradóttir, minnisblað 1. október 2012.

<sup>7</sup> Farið var eftir landsvæðamörkum við ákvörðun Suður- og Norðursvæðis. Suðursvæðið samanstendur af Suðurlandi, Suðurnesjum og Vesturlandi en Norðursvæði af Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra og Austurlandi. Þó er sá munur að Sveitarfélagið Hornafjörður tilheyrir Suðursvæði.

<sup>8</sup> Hagtíðindi – Greinargerð, 2015:2, 28. febrúar 2015.

<sup>9</sup> Í þessari röðun var hvorki gerður greinarmunur á Gullbringu- og Kjósarsýslum, Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslum, Vestur- og Austur-Húnavatnssýslum né Suður- og Norður-Þingeyjarsýslum að öðru leyti en því að hvorum sýsluhluta var haldið aðskildum í upphafi og lok talnarunu sameinuðu sýslunnar.

<sup>10</sup> Lög nr. 30/1955 um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað frá 11. maí 1955.

Þar sem fyrstu tveir stafirnir í tákntölunni eru merkingarbærir þurfti að breyta tákntölunni í hvert sinn sem breyting varð á stöðu sveitarfélags er hreppur hlaut kaupstaðarréttindi.

### Breytingar á tákntölunum

Fram að nýjum sveitarstjórnarlögum 1986<sup>11</sup> var tákntölu sveitarfélags breytt ef það fékk kaupstaðarréttindi og ný tákntala fundin sem sýndi nýja stöðu.

Þegar nýrri tákntölu var úthlutað fyrir gildistöku sveitarstjórnarlaganna 1986 var fylgt reglunni að kaupstaðir skyldu auðkenndir með því að annað sæti tákntölunnar væri á bilinu 0 til 4, en þriðji og fjórði stafur 00. Nýir hreppar fengu hins vegar tveggja stafa sýslunúmerið plús næsta lausa tveggja stafa raðnúmer innan sýslunnar.

Tafla 1 sýnir breytingar á tákntölum vegna breytingar á flokkunarstöðu eftir að hreppurinn varð kaupstaður.

**Tafla 1. Nýjar tákntölur vegna breytingar úr hreppi í kaupstað**

| Heiti hrepps              | Dagsetning | Eldri tákntala | Ný tákntala |
|---------------------------|------------|----------------|-------------|
| Seltjarnarneshreppur      | 9.4.1974   | 1601           | 1100        |
| Grindavíkurhreppur        | 10.4.1974  | 2501           | 2300        |
| Hólshreppur (Bolungarvík) | 10.4.1974  | 4801           | 4100        |
| Dalvíkurhreppur           | 10.4.1974  | 6503           | 6300        |
| Eskifjarðarhreppur        | 10.4.1974  | 7608           | 7200        |
| Njarðvíkurhreppur         | 24.12.1975 | 2505           | 2400        |
| Garðahreppur              | 1.1.1976   | 1602           | 1300        |
| Selfosshreppur            | 2.5.1978   | 8705           | 8100        |
| Ólafsvíkurhreppur         | 1.12.1983  | 3707           | 3200        |

Þrátt fyrir að kaupstaðir og hreppar hafi orðið jafngildar stjórnsýslueiningar með nýjum sveitarstjórnarlögum 1986<sup>12</sup> hefur þessari venju verið fylgt. Hafi eitt sveitarfélaganna sem stendur að sameiningu sveitarfélaga verið kaupstaður er reynt að finna tákntölu eins og um kaupstað væri að ræða. Þetta hefur ekki alltaf heppnast<sup>13</sup> en hefur þó ekki lengur neina þýðingu. Nýrri tákntölu var þá úthlutað við stofnun Reykjanesbæjar (11.6.1994), Ísafjarðarbæjar (1.6.1996), Sveitarfélagsins Skagafjarðar (6.6.1998), Fjarðabyggðar (7.6.1998), Dalvíkurbyggðar (7.6.1998), Sveitarfélagsins Árborgar (7.6.1998) og Múlapings (22.10.2020).

### Tákntala ef sameining hefur átt sér stað yfir sýslumörk

Nokkrum sinnum hefur sameining sveitarfélaga átt sér stað yfir sýslumörk en á sama landsvæði. Þá hefur nýja sveitarfélagið fengið sýslunúmerið þar sem flestir búa og næsta lausa raðnúmerið þar. Sú var raunin þegar sveitarfélögin á Héraði á Austurlandi sameinuðust (1.11.2004), en þau komu úr báðum Múlasýslunum, svo og áður þegar sveitarfélögin á Austur-Héraði sameinuðust (7.6.1998). Sama var uppi á

<sup>11</sup> Sveitarstjórnarlög, 1986 nr. 8 18. apríl.

<sup>12</sup> Sveitarstjórnarlög, 1986 nr. 8 18. apríl.

<sup>13</sup> Snæfellsbær varð til með sameiningu Ólafsvíkurkaupstaðar, Neshrepps utan Ennis og Staðarhrepps árið 11.6.1994. Hann fékk tákntöluna 3714 en hefði átt að fá tákntöluna 3300 sem aldrei hafði verið notuð. Við sameiningu Ólafsfjarðarkaupstaðar og Siglufjarðarkaupstaðar 10.6.2006 fékk nýja sveitarfélagið tákntöluna 6250 enda höfðu allar tölur á bilinu 60 til 64 verið nýttar. Sama dag hélt Norðurþing tákntölu Húsavíkurkaupstaðar (6100) í stað þess að fá nýja af sömu ástæðu.

teningnum þegar Skógarstrandarhreppur sameinaðist Dalabyggð (1.1.1998), Borgarfjarðarsveit og Kolbeinsstaðahreppur sameinuðust Borgarbyggð (10.6.2006) og þegar Nauteyrarhreppur sameinaðist Hólmavíkurhreppi (11.6.1994). Engar af þessum sameiningum hafa þó haft merkingu eftir 1986 enda eru sýslur eftir það ekki lengur stjórnsýslueiningar heldur aðeins örnefni.

### **Breyting á mörkum landsvæðanna vegna sameiningar yfir landsvæðamörk**

Sameiningar sveitarfélaga yfir landsvæðamörk hafa hins vegar í þremur tilvikum valdið breytingum á mörkum landsvæða þar sem aldrei hefur komið til álita að láta landsvæðamörk skera sveitarfélög. Hvaða landsvæði hið nýja sveitarfélag á að tilheyra er þá ákveðið í samráði við heimamenn.

Siglufjarðarkaupstaður á Norðurlandi vestra og Ólafsfjarðarkaupstaður á Norðurlandi eystra sameinuðust 11. júní 2006. Sama dag sameinuðust Skeggjastaðahreppur á Austurlandi og Þórshafnarhreppur á Norðurlandi eystra. Í báðum tilvikum fékk nýja sveitarfélagið tákntölu fyrir landsvæðið Norðurland eystra. Hinn 1. janúar 2012 sameinuðust Bæjarhreppur á Vestfjörðum og Húnaþing vestra á Norðurlandi vestra. Nýja sveitarfélagið hélt tákntölu hins síðarnefnda og landsvæði Bæjarhrepps því bætt við Norðurland vestra.

### **Breytingar á landsvæðum vegna breyttra skilgreininga**

Helstu breytingar á landsvæðum stafa þó af því að Hagstofan hefur í tvígang stækkað Reykjavíkursvæðið frá því landsvæðin voru upphaflega skilgreind árið 1964. Í upphafi samanstóð Reykjavíkursvæðið af þremur sveitarfélögum: Reykjavíkurborg, Seltjarnarneshreppi og Kópavogskaupstað.

Það var fyrst í Hagtíðindum 1977 (6. tbl.) að Hagstofan birti mannfjöldatölur fyrir útvíkkað Reykjavíkursvæði. Þá var svæðið látið ná til Hafnarfjarðarkaupstaðar, Garðahrepps (Garðakaupstaðar), Bessastaðahrepps og Mosfellshrepps auk hinna þriggja. Tákntölum sveitarfélaganna var breytt til samræmis í þjóðskrá. Birtar voru íbúatölur fyrir 1. desember 1974, 1975 og 1976, auk talna úr manntölum 1930 til 1960, og samkvæmt þjóðskrá 1.12.1970. Áður hafði Garðahreppur og Bessastaðahreppur verið fluttir með lögum nr. 43/1973 úr Gullbringusýslu yfir í Kjósarsýslu frá og með 1. janúar 1974.<sup>14</sup> Á sama ári kom hugtakið „höfuðborgarsvæði“ fyrst fyrir í Hagtíðindum sem heiti svæðisins í stað „Reykjavíkursvæðis“.

### **Tafla 2. Nýjar tákntölur vegna stækkunar Reykjavíkursvæðisins 1974**

| Heiti sveitarfélags     | Fyrri tákntala | Ný tákntala |
|-------------------------|----------------|-------------|
| Hafnarfjarðarkaupstaður | 2100           | 1400        |
| Garðahreppur            | 2507           | 1602        |
| Bessastaðahreppur       | 2508           | 1603        |
| Mosfellshreppur         | 2602           | 1604        |

Hinn 1. desember 1984 var höfuðborgarsvæðið útvíkkað enn til að ná yfir hreppina tvo, Kjalarneshrepp og Kjósarhrepp. Tákntölum sveitarfélaganna var breytt til samræmis, sem og tákntölu Kjósarsýslu.<sup>15</sup>

<sup>14</sup> Ekki er alveg ljóst hvenær tákntölubreytingin var gerð í spjaldskrá þjóðskrár. Samkvæmt minnisblaði merktu GB (Guðni Baldursson) frá 17.5.1990 varð tákntölubreyting Garðahrepps og Bessastaðahrepps 1.1.1974 en hinna sveitarfélaganna 1.12.1974. Líklegast er þó að þessi breyting hafi orðið vegna vinnslu þjóðskrár 1.12.1976.

<sup>15</sup> Minnisblað GB.

**Tafla 3. Nýjar tákntölur vegna stækkunar höfuðborgarsvæðisins 1984<sup>16</sup>**

| Heiti sveitarfélags/sýslu | Fyrri tákntala | Ný tákntala |
|---------------------------|----------------|-------------|
| Kjósarsýsla <sup>17</sup> | 2600           | 1600        |
| Kjalarneshreppur          | 2603           | 1605        |
| Kjósarhreppur             | 2604           | 1606        |

### Niðurstaða

Eins og rakið hefur verið hér að framan eru tákntölur sveitarfélaganna og landsvæðaflokkun Hagstofunnar tengdar órjúfanlegum böndum. Fram að gildistöku nýrra sveitarstjórnarlaga 1986 náði flokkunarkerfið auk landsvæðanna til flokkunar stjórnsýslueininganna í kaupstaði, sýslur og hreppi. Þeirri flokkun hefur verið haldið nokkurn veginn þrátt fyrir að sýslurnar séu ekki lengur stjórnsýslueiningar. Sameining sveitarfélaga yfir landsvæðamörk hefur ávallt leitt til breytingar á landsvæðamörkunum þar sem upphafsstafur tákntölu sameinaða sveitarfélagsins vísar til þess landsvæðis sem sveitarfélagið tilheyrir.

Hagstofan hefur einnig að eigin frumkvæði breytt landsvæðamörkum með því að stækka Reykjavíkursvæðið í tvígang, 1976 og 1984. Bæði árin var tákntölum sveitarfélaganna breytt til að endurspeglar nýja landsvæðaskipan. Breyting á landsvæðamörkum Suður- og Austurlands, þegar Sveitarfélagið Hornafjörður er gert að sunnlensku sveitarfélagi frá og með 1. desember 2020, er í samræmi við þetta verklag.

<sup>16</sup> Hagtíðindi, 11. tbl. 1984, bls. 229.

<sup>17</sup> Minnisblað GB

## Summary

The working paper provides a review of the regional classification of Statistics Iceland from 1920 to the present, as well as the municipal identifiers, used from the start of the national population register in 1952 to the present.

Until the 1960s, Statistics Iceland divided the country into five regions; the Southwest region, the Westfjords, the North region, the East region and the South region.

In 1964 the current regional division was adopted; Reykjavík region (Capital region), South Peninsula region, the West region, the Westfjords, the Northwest region, the Northeast region, the East region and the South region.

At the same time, a new system of municipal identifiers was adopted in order to reflect the new regional classification and to be used in the population register. The new system was also used to reflect the municipal corporation status and used as such until the adoption of a new municipal act in 1986.

The paper lists the municipal incorporations between 1964 and 1986 that led to changes in the municipal identifiers and illustrates how the old division between self-governing and not self-governing units is still being echoed in allocation of new identifiers.

The paper furthermore describes the changes to the regional boundaries since 1964, as well as the corresponding changes in the municipal identifiers. Three changes have occurred due to the merging of municipalities across regional boundaries, but other three because of the decision of Statistics Iceland to expand the capital region in 1974 and in 1984, and on 1 December 2020 to expand the South region to include the municipality Sveitarfélagið Hornafjörður.

The annex lists all municipal identifiers that have been used in the population register of Iceland from the start of the centralised national register in 1952 to present.

## Viðauki

### Táknölur sveitarfélaga 1952 til 2020

|  | Táknölur |       | Dags.<br>breytingar <sup>18</sup> |
|--|----------|-------|-----------------------------------|
|  | 1952-63  | 1964- |                                   |
| <b>Kaupstaðir 1952</b>                         |          |       |                                   |
| Reykjavíkurborg                                | 5000     | 0000  |                                   |
| Hafnarfjarðarkaupstaður                        | 1000     | 2100  |                                   |
|  |          | 1400  | 1.12.1974                         |
| Keflavíkurborg                                 | 1100     | 2200  |                                   |
| Akraneskaupstaður                              | 1200     | 3000  |                                   |
| Ísafjarðarkaupstaður                           | 1300     | 4000  |                                   |
| Sauðárkrókskaupstaður                          | 1400     | 5100  |                                   |
| Siglufjarðarkaupstaður                         | 1500     | 5000  |                                   |
| Ólafsfjarðarkaupstaður                         | 1600     | 6200  |                                   |
| Akureyrarkaupstaður/-bær                       | 1700     | 6000  |                                   |
| Húsavíkurborg/Norðurþing                       | 1800     | 6100  |                                   |
| Seyðisfjarðarkaupstaður                        | 1900     | 7000  |                                   |
| Neskaupstaður                                  | 2000     | 7100  |                                   |
| Vestmannaeyjakaupstaður/-bær                   | 2100     | 8000  |                                   |
| <b>Sýslur og hreppar</b>                       |          |       |                                   |
| <i>Gullbringu- og Kjósarsýsla</i>              | 3000     |       |                                   |
| <i>Gullbringusýsla</i>                         |          | 2500  |                                   |
| Grindavíkurhreppur/Grindavíkurborg             | 3001     | 2501  |                                   |
|  |          | 2300  | 10.4.1974                         |
| Hafnahreppur                                   | 3002     | 2502  |                                   |
| Miðneshreppur/Sandgerðisbær                    | 3003     | 2503  |                                   |
| Gerðahreppur/Sveitarfélagið Garður             | 3004     | 2504  |                                   |
| Njarðvíkurhreppur/-kaupstaður                  | 3005     | 2505  |                                   |
|  |          | 2400  | 24.12.1975                        |
| Vatnsleysustrandarhreppur/Sveitarfélagið Vogar | 3006     | 2506  |                                   |
| Gerðahreppur/-kaupstaður/-bær                  | 3007     | 2507  |                                   |
|  |          | 1602  | 1.1.1974                          |
|  |          | 1300  | 1.1.1976                          |
| Bessastaðahreppur/Sveitarfélagið Álftanes      | 3008     | 2508  |                                   |
|  |          | 1603  | 1.1.1974                          |
| Táknatala geymd <sup>19</sup>                  |          | 2509  |                                   |
| Suðurnesjabær                                  |          | 2510  | 10.6.2018                         |
| Reykjanesbær                                   |          | 2000  | 11.6.1994                         |

<sup>18</sup> Fylgt er minnisblaði GB varðandi dagsetningar fram til 1990 en breytingaskrá þjóðskrá eftir það. Ef ekki er dagsetning er um að ræða upphaflegt gildi táknölnunnar 1964.

<sup>19</sup> Fæðingarstaður barna á Varnarsvæðinu á Miðnesheiði.

|  | Táknölur |       | Dags.<br>breytingar <sup>18</sup> |
|--|----------|-------|-----------------------------------|
|  | 1952-63  | 1964- |                                   |
| <i>Kjósarsýsla</i>                         |          | 2600  |                                   |
|  |          | 1600  | 1.12.1984                         |
| Kópavogshreppur/-kaupstaður                | 3009     | 1000  |                                   |
| Setljarnarneshreppur/-kaupstaður/-bær      | 3010     | 1601  |                                   |
|  |          | 1100  | 9.4.1974                          |
| Mosfellshreppur/-bær                       | 3011     | 2602  |                                   |
|  |          | 1604  | 1.12.1974                         |
| Kjalarneshreppur                           | 3012     | 2603  |                                   |
|  |          | 1605  | 1.12.1984                         |
| Kjósarhreppur                              | 3013     | 2604  |                                   |
|  |          | 1606  | 1.12.1984                         |
| <i>Borgarfjarðasýsla</i>                   | 3100     | 3500  |                                   |
| Hvalfjarðarstrandarhreppur/Strandarhreppur | 3101     | 3501  |                                   |
| Skilmannahreppur                           | 3102     | 3502  |                                   |
| Innri-Akrarneshreppur                      | 3103     | 3503  |                                   |
| Leirár- og Melahreppur                     | 3104     | 3504  |                                   |
| Andakílshreppur                            | 3105     | 3505  |                                   |
| Skorradalshreppur                          | 3106     | 3506  |                                   |
| Lundareykjadalshreppur                     | 3107     | 3507  |                                   |
| Reykholtaldalshreppur                      | 3108     | 3508  |                                   |
| Hálsahreppur                               | 3109     | 3509  |                                   |
| Borgarfjarðarsveit                         |          | 3510  | 7.6.1998                          |
| Hvalfjarðarsveit                           |          | 3511  | 1.6.2006                          |
| <i>Mýrasýsla</i>                           | 3200     | 3600  |                                   |
| Hvítársíðahreppur                          | 3201     | 3601  |                                   |
| Þverárhliðahreppur                         | 3202     | 3602  |                                   |
| Norðurárdalshreppur                        | 3203     | 3603  |                                   |
| Stafholtsungnahreppur                      | 3204     | 3604  |                                   |
| Borgarhreppur                              | 3205     | 3605  |                                   |
| Borgarneshreppur/-bær                      | 3206     | 3606  |                                   |
| Álftaneshreppur                            | 3207     | 3607  |                                   |
| Hraunhreppur                               | 3208     | 3608  |                                   |
| Borgarbyggð                                |          | 3609  | 11.6.1994                         |
| <i>Snæfellsnessýsla</i>                    | 3300     | 3700  |                                   |
| Kolbeinsstaðahreppur                       | 3301     | 3701  |                                   |
| Eyjarhreppur                               | 3302     | 3702  |                                   |
| Miklaholtshreppur                          | 3303     | 3703  |                                   |
| Staðarsveit                                | 3304     | 3704  |                                   |
| Breiðuvíkurhreppur                         | 3305     | 3705  |                                   |
| Neshreppur                                 | 3306     | 3706  |                                   |



|                                     | Táknölur |       | Dags.<br>breytingar <sup>18</sup> |
|-------------------------------------|----------|-------|-----------------------------------|
|                                     | 1952-63  | 1964- |                                   |
| Ólafsvíkurreppur/-kaupstaður        | 3307     | 3707  |                                   |
|                                     |          | 3200  | 1.12.1983                         |
| Fróðárhreppur                       | 3308     | 3708  |                                   |
| Eyrarsveit/Grundarfjarðarbær        | 3309     | 3709  |                                   |
| Helgafellssveit                     | 3310     | 3710  |                                   |
| Stykkishólmshreppur/-bær            | 3311     | 3711  |                                   |
| Skógarstrandarhreppur               | 3312     | 3712  |                                   |
| Eyja- og Miklaholtshreppur          |          | 3713  | 26.6.1994                         |
| Snæfellsbær                         |          | 3714  | 11.6.1994                         |
| Stykkishólmsbær <sup>20</sup>       |          | 3715  | 11.6.1994                         |
| <i>Dalasysla</i>                    | 3400     | 3800  |                                   |
| Hörðudalshreppur                    | 3401     | 3801  |                                   |
| Miðdalahreppur                      | 3402     | 3802  |                                   |
| Haukadalshreppur                    | 3403     | 3803  |                                   |
| Laxárdalshreppur                    | 3404     | 3804  |                                   |
| Hvammshreppur                       | 3405     | 3805  |                                   |
| Fellsstrandarhreppur                | 3406     | 3806  |                                   |
| Klofningshreppur                    | 3407     | 3807  |                                   |
| Skarðshreppur                       | 3408     | 3808  |                                   |
| Saubæjarhreppur                     | 3409     | 3809  |                                   |
| Suðurdalahreppur                    |          | 3810  | 1.1.1992                          |
| Dalabyggð                           |          | 3811  | 11.6.1994                         |
| <i>Barðastrandarsýsla</i>           | 3500     |       |                                   |
| <i>Austur-Barðastrandarsýsla</i>    |          | 4500  |                                   |
| Geiradalshreppur                    | 3501     | 4501  |                                   |
| Reykholahreppur                     | 3502     | 4502  |                                   |
| Gufudalshreppur                     | 3503     | 4503  |                                   |
| Múlahreppur                         | 3504     | 4504  |                                   |
| Flateyjarhreppur                    | 3505     | 4505  |                                   |
| <i>Vestur-Barðastrandarsýsla</i>    |          | 4600  |                                   |
| Barðastrandarhreppur                | 3506     | 4601  |                                   |
| Rauðasandshreppur                   | 3507     | 4602  |                                   |
| Patrekshreppur                      | 3508     | 4603  |                                   |
| Tálknafjarðarhreppur                | 3509     | 4604  |                                   |
| Ketildalahreppur                    | 3510     | 4605  |                                   |
| Suðurfjarðahreppur/Bíldudalshreppur | 3511     | 4606  |                                   |
| Vesturbyggð                         |          | 4607  | 11.6.1994                         |

<sup>20</sup> Sameinað sveitarfélag Stykkishólms og Helgafellssveitar. Gekk til baka 1995.

|                                     | Táknölur |       | Dags.<br>breytingar <sup>18</sup> |
|-------------------------------------|----------|-------|-----------------------------------|
|                                     | 1952-63  | 1964- |                                   |
| <i>Ísafjarðarsýslur</i>             | 3600     |       |                                   |
| <i>Vestur-Ísafjarðarsýsla</i>       |          | 4700  |                                   |
| Auðkúluhreppur                      | 3601     | 4701  |                                   |
| Þingeyrarhreppur                    | 3602     | 4702  |                                   |
| Mýrahreppur                         | 3603     | 4703  |                                   |
| Mosvallahreppur                     | 3604     | 4704  |                                   |
| Flateyrarhreppur                    | 3605     | 4705  |                                   |
| Suðureyrarhreppur                   | 3606     | 4706  |                                   |
| <i>Norður-Ísafjarðarsýsla</i>       |          | 4800  |                                   |
| Hólshreppur/Bolungarvíkurkaupstaður | 3607     | 4801  |                                   |
|                                     |          | 4100  | 10.4.1974                         |
| Eyrarhreppur                        | 3608     | 4802  |                                   |
| Súðavíkurhreppur                    | 3609     | 4803  |                                   |
| Ögurhreppur                         | 3610     | 4804  |                                   |
| Reykjarfjarðarhreppur               | 3611     | 4805  |                                   |
| Nauteyrarhreppur                    | 3612     | 4806  |                                   |
| Snæfjallahreppur                    | 3613     | 4807  |                                   |
| Grunnavíkurhreppur                  | 3614     | 4808  |                                   |
| Sléttuhreppur                       | 3615     | 4809  |                                   |
| Ísafjarðarbær                       |          | 4200  | 1.6.1996                          |
| <i>Strandasýsla</i>                 | 3700     | 4900  |                                   |
| Árneshreppur                        | 3701     | 4901  |                                   |
| Kaldraneshreppur                    | 3702     | 4902  |                                   |
| Hrófbergshreppur                    | 3703     | 4903  |                                   |
| Hólmavíkurhreppur                   | 3704     | 4904  |                                   |
| Kirkjubólshreppur                   | 3705     | 4905  |                                   |
| Fellshreppur                        | 3706     | 4906  |                                   |
| Óspakseyrarhreppur                  | 3707     | 4907  |                                   |
| Bæjarhreppur                        | 3708     | 4908  |                                   |
| Broddaneshreppur                    |          | 4909  | 1.1.1992                          |
| Hólmavíkurhreppur                   |          | 4910  | 9.6.2002                          |
| Strandabyggð                        |          | 4911  | 10.6.2006                         |
| <i>Húnavatnssýslur</i>              | 3800     |       |                                   |
| <i>Vestur-Húnavatnssýsla</i>        |          | 5500  |                                   |
| Staðarhreppur                       | 3801     | 5501  |                                   |
| Fremri-Torfustaðahreppur            | 3802     | 5502  |                                   |
| Ytri-Torfustaðahreppur              | 3803     | 5503  |                                   |
| Hvammstangahreppur                  | 3804     | 5504  |                                   |
| Kirkjuhvammshreppur                 | 3805     | 5505  |                                   |
| Þverárhreppur                       | 3806     | 5506  |                                   |

|                              | Táknölur |       | Dags.<br>breytingar <sup>18</sup> |
|------------------------------|----------|-------|-----------------------------------|
|                              | 1952-63  | 1964- |                                   |
| Þorkelshólshreppur           | 3807     | 5507  |                                   |
| Húnaþing vestra              |          | 5508  | 7.6.1998                          |
| <i>Austur-Húnavatnssýsla</i> |          | 5600  |                                   |
| Áshreppur                    | 3808     | 5601  |                                   |
| Sveinsstaðahreppur           | 3809     | 5602  |                                   |
| Torfalækjarhreppur           | 3810     | 5603  |                                   |
| Blönduóshreppur/Blönduósþær  | 3811     | 5604  |                                   |
| Svínavatnshreppur            | 3812     | 5605  |                                   |
| Bólstaðarhlíðahreppur        | 3813     | 5606  |                                   |
| Engihlíðahreppur             | 3814     | 5607  |                                   |
| Vindhælishreppur             | 3815     | 5608  |                                   |
| Höfðahreppur                 | 3816     | 5609  |                                   |
| Skagahreppur                 | 3817     | 5610  |                                   |
| Skagabyggð                   |          | 5611  | 9.6.2002                          |
| Húnavatnshreppur             |          | 5612  | 1.1.2006                          |
| <i>Skagafjarðarsýsla</i>     | 3900     | 5700  |                                   |
| Skefilsstaðahreppur          | 3901     | 5701  |                                   |
| Skarðshreppur                | 3902     | 5702  |                                   |
| Staðahreppur                 | 3903     | 5703  |                                   |
| Seyluhreppur                 | 3904     | 5704  |                                   |
| Lýtingsstaðahreppur          | 3905     | 5705  |                                   |
| Akrahreppur                  | 3906     | 5706  |                                   |
| Rípurhreppur                 | 3907     | 5707  |                                   |
| Viðvíkurhreppur              | 3908     | 5708  |                                   |
| Hólahreppur                  | 3909     | 5709  |                                   |
| Hofshreppur                  | 3910     | 5710  |                                   |
| Hofsóshreppur                | 3911     | 5711  |                                   |
| Fellshreppur                 | 3912     | 5712  |                                   |
| Haganeshreppur               | 3913     | 5713  |                                   |
| Holtshreppur                 | 3914     | 5714  |                                   |
| Fljótahreppur                |          | 5715  | 1.4.1988                          |
| Sveitarfélagið Skagafjörður  |          | 5200  | 6.6.1998                          |
| <i>Eyjafjarðarsýsla</i>      | 4000     | 6500  |                                   |
| Grímseyjarhreppur            | 4001     | 6501  |                                   |
| Svarfaðardalshreppur         | 4002     | 6502  |                                   |
| Dalvíkurhreppur/-kaupstaður  | 4003     | 6503  |                                   |
|                              |          | 6300  | 10.4.1974                         |
| Hríseyjarhreppur             | 4004     | 6504  |                                   |
| Árskógshreppur               | 4005     | 6505  |                                   |
| Arnarneshreppur              | 4006     | 6506  |                                   |

|                              | Táknölur |       | Dags.<br>breytingar <sup>18</sup> |
|------------------------------|----------|-------|-----------------------------------|
|                              | 1952-63  | 1964- |                                   |
| Skriðuhreppur                | 4007     | 6507  |                                   |
| Öxnadalshreppur              | 4008     | 6508  |                                   |
| Glæsibæjarhreppur            | 4009     | 6509  |                                   |
| Hrafnagilshreppur            | 4010     | 6510  |                                   |
| Saurbæjarhreppur             | 4011     | 6511  |                                   |
| Öngulsstaðahreppur           | 4012     | 6512  |                                   |
| Eyjafjarðarsveit             |          | 6513  | 1.1.1991                          |
| Hörgárbyggð                  |          | 6514  | 1.1.2001                          |
| Hörgársveit                  |          | 6515  | 12.6.2010                         |
| Fjallabyggð                  |          | 6250  | 11.6.2006                         |
| Dalvíkurbyggð                |          | 6400  | 7.6.1998                          |
| <i>Þingeyjarsýslur</i>       | 4100     |       |                                   |
| <i>Suður-Þingeyjarsýsla</i>  |          | 6600  |                                   |
| Svalbarðsstrandarhreppur     | 4101     | 6601  |                                   |
| Grýtubakkahreppur            | 4102     | 6602  |                                   |
| Flateyjarhreppur             | 4103     | 6603  |                                   |
| Hálshreppur                  | 4104     | 6604  |                                   |
| Ljósavatnshreppur            | 4105     | 6605  |                                   |
| Bárðdælahreppur              | 4106     | 6606  |                                   |
| Skútustaðahreppur            | 4107     | 6607  |                                   |
| Reykðælahreppur              | 4108     | 6608  |                                   |
| Aðaldælahreppur              | 4109     | 6609  |                                   |
| Reykjahreppur                | 4110     | 6610  |                                   |
| Tjörneshreppur               | 4111     | 6611  |                                   |
| Þingeyjarsveit               |          | 6612  | 9.6.2002                          |
| <i>Norður-Þingeyjarsýsla</i> |          | 6700  |                                   |
| Kelduneshreppur              | 4112     | 6701  |                                   |
| Öxarfjarðarhreppur           | 4113     | 6702  |                                   |
| Fjallahreppur                | 4114     | 6703  |                                   |
| Presthólahreppur             | 4115     | 6704  |                                   |
| Raufarhafnarhreppur          | 4116     | 6705  |                                   |
| Svalbarðshreppur             | 4117     | 6706  |                                   |
| Þórshafnarhreppur            | 4118     | 6707  |                                   |
| Sauðaneshreppur              | 4119     | 6708  |                                   |
| Langanesbyggð                |          | 6709  | 10.6.2006                         |
| <i>Norður-Múlasýsla</i>      | 4200     | 7500  |                                   |
| Skeggjastaðahreppur          | 4201     | 7501  |                                   |
| Vopnafjarðarhreppur          | 4202     | 7502  |                                   |
| Hlíðarhreppur                | 4203     | 7503  |                                   |
| Jökuldalshreppur             | 4204     | 7504  |                                   |

|                                 | Táknúmer |       | Dags.<br>breytingar <sup>18</sup> |
|---------------------------------|----------|-------|-----------------------------------|
|                                 | 1952-63  | 1964- |                                   |
| Fljótsdalshreppur               | 4205     | 7505  |                                   |
| Fellahreppur                    | 4206     | 7506  |                                   |
| Tunguhreppur                    | 4207     | 7507  |                                   |
| Hjaltastaðahreppur              | 4208     | 7508  |                                   |
| Borgarfjarðahreppur             | 4209     | 7509  |                                   |
| Loðmundarfjarðahreppur          | 4210     | 7510  |                                   |
| Seyðisfjarðahreppur             | 4211     | 7511  |                                   |
| Norður-Hérað                    |          | 7512  | 27.12.1997                        |
| <i>Suður-Múlasýsla</i>          | 4300     | 7600  |                                   |
| Skriðdalshreppur                | 4301     | 7601  |                                   |
| Vallahreppur                    | 4302     | 7602  |                                   |
| Egilsstaðahreppur/-bær          | 4303     | 7603  |                                   |
| Eiðahreppur                     | 4304     | 7604  |                                   |
| Mjóafjarðahreppur               | 4305     | 7605  |                                   |
| Norðfjarðahreppur               | 4306     | 7606  |                                   |
| Helgustaðahreppur               | 4307     | 7607  |                                   |
| Eskifjarðahreppur/-kaupstaður   | 4308     | 7608  |                                   |
|                                 |          | 7200  | 10.4.1974                         |
| Reyðarfjarðahreppur             | 4309     | 7609  |                                   |
| Fáskrúðsfjarðahreppur           | 4310     | 7610  |                                   |
| Búðahreppur                     | 4311     | 7611  |                                   |
| Stöðvarhreppur                  | 4312     | 7612  |                                   |
| Breiðdalshreppur                | 4313     | 7613  |                                   |
| Beruneshreppur                  | 4314     | 7614  |                                   |
| Búlandshreppur                  | 4315     | 7615  |                                   |
| Geithellnahreppur               | 4316     | 7616  |                                   |
| Djúpavogshreppur                |          | 7617  | 1.10.1992                         |
| Austur-Hérað                    |          | 7618  | 7.6.1998                          |
| Austurbyggð                     |          | 7619  | 10.5.2003                         |
| Fljótsdalshérað                 |          | 7620  | 1.11.2004                         |
| Fjarðabyggð                     |          | 7300  | 7.6.1998                          |
| Múlaþing                        |          | 7400  | 22.10.2020                        |
| <i>Austur-Skaftafellssýsla</i>  | 4400     | 7700  |                                   |
| Bæjarhreppur                    | 4401     | 7701  |                                   |
| Nesjahreppur                    | 4402     | 7702  |                                   |
| Hafnarhreppur/Höfn í Hornafirði | 4403     | 7703  |                                   |
| Mýrahreppur                     | 4404     | 7704  |                                   |
| Borgarhafnarhreppur             | 4405     | 7705  |                                   |
| Hofshreppur                     | 4406     | 7706  |                                   |
| Hornafjarðarbær                 |          | 7707  | 12.6.1994                         |

|                                | Táknölur |       | Dags.<br>breytingar <sup>18</sup> |
|--------------------------------|----------|-------|-----------------------------------|
|                                | 1952-63  | 1964- |                                   |
| Sveitarfélagið Hornafjörður    |          | 7708  | 6.6.1998                          |
|                                |          | 8401  | 1.12.2020                         |
| <i>Vestur-Skaftafellssýsla</i> | 4500     | 8500  |                                   |
| Hörglandshreppur               | 4501     | 8501  |                                   |
| Kirkjubæjarhreppur             | 4502     | 8502  |                                   |
| Skaftártunguhreppur            | 4503     | 8503  |                                   |
| Leiðvallarhreppur              | 4504     | 8504  |                                   |
| Álftavershreppur               | 4505     | 8505  |                                   |
| Hvammshreppur                  | 4506     | 8506  |                                   |
| Dyrhólahreppur                 | 4507     | 8507  |                                   |
| Mýrdalshreppur                 |          | 8508  | 1.1.1984                          |
| Skaftárhreppur                 |          | 8509  | 15.6.1990                         |
| <i>Rangárvallasýsla</i>        | 4600     | 8600  |                                   |
| Austur-Eyjafjallahreppur       | 4601     | 8601  |                                   |
| Vestur-Eyjafjallahreppur       | 4602     | 8602  |                                   |
| Austur-Landeyjahreppur         | 4603     | 8603  |                                   |
| Vestur-Landeyjahreppur         | 4604     | 8604  |                                   |
| Fljótshlíðarhreppur            | 4605     | 8605  |                                   |
| Hvolhreppur                    | 4606     | 8606  |                                   |
| Rangárvallahreppur             | 4607     | 8607  |                                   |
| Landmannahreppur               | 4608     | 8608  |                                   |
| Holtahreppur                   | 4609     | 8609  |                                   |
| Ásahreppur                     | 4610     | 8610  |                                   |
| Djúpárhreppur                  | 4611     | 8611  |                                   |
| Holta- og Landsveit            |          | 8612  | 1.7.1993                          |
| Rangárþing eystra              |          | 8613  | 9.6.2002                          |
| Rangárþing ytra                |          | 8614  | 9.6.2002                          |
| <i>Árnessýsla</i>              | 4700     | 8700  |                                   |
| Gaulverjabæjarhreppur          | 4701     | 8701  |                                   |
| Stokkseyrarhreppur             | 4702     | 8702  |                                   |
| Eyrbakkahreppur                | 4703     | 8703  |                                   |
| Sandvíkurhreppur               | 4704     | 8704  |                                   |
| Selfosshreppur/-kaupstaður     | 4705     | 8705  |                                   |
|                                |          | 8100  | 2.5.1974                          |
| Hraungerðishreppur             | 4706     | 8706  |                                   |
| Villingaholtshreppur           | 4707     | 8707  |                                   |
| Skeiðahreppur                  | 4708     | 8708  |                                   |
| Gnúpverjahreppur               | 4709     | 8709  |                                   |
| Hrunamannahreppur              | 4710     | 8710  |                                   |
| Biskupstungnahreppur           | 4711     | 8711  |                                   |

|                                   | Táknölur |       | Dags.<br>breytingar <sup>18</sup> |
|-----------------------------------|----------|-------|-----------------------------------|
|                                   | 1952-63  | 1964- |                                   |
| Laugardalshreppur                 | 4712     | 8712  |                                   |
| Grímsneshreppur                   | 4713     | 8713  |                                   |
| Þingvallahreppur                  | 4714     | 8714  |                                   |
| Grafningshreppur                  | 4715     | 8715  |                                   |
| Hveragerðishreppur/-bær           | 4716     | 8716  |                                   |
| Ölfushreppur/Sveitarfélagið Ölfus | 4717     | 8717  |                                   |
| Selvogshreppur                    | 4718     | 8718  |                                   |
| Grímsnes- og Grafningshreppur     |          | 8719  | 1.6.1998                          |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur       |          | 8720  | 9.6.2002                          |
| Bláskógabyggð                     |          | 8721  | 11.2.2002                         |
| Flóahreppur                       |          | 8722  | 10.6.2006                         |
| Sveitarfélagið Árborg             |          | 8200  | 7.6.1998                          |

Hagtíðindi Greinargerðir  
 Statistical Series Working papers

105 árg. • 10. tbl. 18. nóvember 2020

ISSN 1670-4770 Umsjón *Supervision* Ómar Harðarson • [Omar.Hardarson@Hagstofa.is](mailto:Omar.Hardarson@Hagstofa.is)  
[www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 105 Reykjavík Iceland

Sími *Telephone* +(354) 528 1000 Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099 *Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.*